

Breytt og bætt námsmat

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



Víðistaðaskóli vor 2011
Verkefnisstjóri: Sigríður Valdimarsdóttir

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins er

- að innleiða „nýja hugsun“ og framkvæmd í námsmati við Víðistaðaskóla
- að stuðla að fjölbreyttari kennsluháttum til að styðja við breytt námsmat sem skal vera einstaklingsmiðað, leiðsegjandi og greinandi fyrir nemendur, kennara og forráðamenn
- að ná samfellu í námsmati frá 1. – 10. bekk og samræmingu á milli námsgreina
- að umsagnir þar sem einstaklingurinn, hans styrkleikar og veikleikar eru í forgrunni verði stór þáttur í námsmatinu
- að koma enn frekar til móts við nemendur með námsörðugleika, þroska- og/eða hegðunarraskanir með áherslu á að einföldun námskrár og hagnýtt gildi að leiðarljósi

Verkefnið er hugsað til fjögurra ára þar sem hvert ár hefur sitt undir markmið.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Við skólann hefur verið starfandi teymi síðan haustið 2007 sem hefur mótað og leitt vinnu við breytt námsmat. Teymið hefur að mestu verið skipað sama fólki, kennurum af yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi, verkgreinakennara og stjórnendum. Rúnar Sigpórsson hefur verið okkur til halds og trausts og leiðbeint okkur í gegnum verkefnið.

Í upphafi verkefnis tóku kennarar þátt í könnun til að hægt væri að kortleggja hvernig námsmati væri háttað, hvaða áherslur kennarar legðu á námsmat og samhengi námsmats, kennsluhátta og náms.

Í kjölfarið var farið í vinnu til að hrista upp í hugmyndum fólks, fá ný sjónarhorn og nýjar hugmyndir. Gerðar voru ýmsar æfingar, ræddir kostir og gallar, ávinningur og óþarfi. Leshringir voru settir af stað og kennarar unnu í smærri hópum. Þá völdu þeir sér aðferðir í námsmati sem þeir síðan reyndu með nemendum. Margt af því var síðan innleitt í kennsluhætti og námsmat, bæði hjá kennurum sjálfum og jafnvel „ættleitt“ af öðrum.

Verkefnið hefur verið í gangi í fimm ár og áætlun okkar gerði ráð fyrir að við værum að vinna að því að festa nýja hugsun og ný vinnubrögð í sessi. En vegna sameiningar Engidalsskóla og Víðistaðaskóla höfum við þurft að

færa okkur til baka í ferlinu og endurtaka hluta af vinnuferlinu.

Í febrúar fengum við Rúnar Sigbórsson til að koma og vera með námskeið fyrir kennara. Kennarar unnu eftir púsl aðferðinni og veltu upp ýmsum þáttum í námsmati og starfi innan skólans.

Haustið 2008 voru innleiddar smiðjur í list- og verkgreinum í barnadeild. Breytingin fólst í því að nemendum var skipt í hópa sem síðan fengu kennslu í hverju fagi fyrir sig í fimm til sex vikur og síðan var skipt yfir í næsta fag.

Haustið 2010 voru smiðjur innleiddar í 8. bekk og list- og verkgreinar ásamt lífsleikni kenndar í 6 vikna lotum, 6 tímar á viku. Kennarar í smiðjum unnu gátlista upp úr markmiðum skólanámskrár sem síðan voru settir inn í námsframvindu í Mentor, þar með er námsmat í smiðjum komið á rafrænt form. Kennarar í 1. – 4. bekk unnu samkonar vinnu í öllum námsgreinum, það á að auðvelda leiðsögn í náminu.

Sjálfsmatsbók nemenda í barnadeild var endurskoðuð í þeim tilgangi að þjóna enn betur settu markmiði, (send heim þrisvar sinnum í stað mánaðarlega og þóttu skilin heldur betri.) Rætt hefur verið hvort við ættum að prófa leiðsagnarmat í Mentor en ekki hefur verið tekin ákvörðun um það.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Á seinni hluta skólaárs 2009 – 2010 var tilkynnt að Víðistaðaskóli og Engidalsskóli yrðu sameinaðir. Þetta þýddi að inn kæmi hópur kennara sem hefði ekki tileinkað sér sömu hugsun og vinnubrögð eins og við höfum verið að stefna að í Víðistaðaskóla.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Við höfðum áætlað verkefnislok vorið 2010 með tilheyrandi kynningu í Hafnarfirði. Sameining Engidalsskóla og Víðistaðaskóla setti strik í reikninginn en við ákváðum að lengja verkefnið um eitt ár og freista þess að ná „nýjum“ kennurum með í verkefnið.

Í raun vorum við með nokkuð stóran hóp kennara sem ekki voru samstíga okkar hugmyndum og voru ósáttir við sameininguna sem síðan kom niður á þessu verkefni.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Einn mikilvægasti þátturinn er breytt hugsun í námsmati. Námsmat hefur fengið meira vægi í kennslu, fleiri kennarar nota leiðsagnarmat og hugsa samspil náms, kennslu og námsmats miklu markvissar en áður. Kennarar í unglingadeild höfðu að einhverju marki tileinkað sér símat, en með mikilli umræðu, verkefnavinnu (samanburður símats og leiðsagnarmats) og hvatningu hafa þeir tileinkað sér nýja hugsun og ný vinnubrögð í auknum mæli. Kennarar á miðstigi hafa tekið lengri tíma í þessa vinnu, hafa verið lengur að tileinka sér verkfærin, t.d. vinnubækur á Mentor, gátlista og fleira. Kennarar á yngsta stigi hafa líka farið hægar af stað og komið hefur á daginn að kennurum finnst t.d. verkefnabækur henta ekki eins vel fyrir yngsta stig.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Kennarar hafa flestir tileinkað sér nýja hugsun og ný vinnubrögð. Í upphafi verkefnisins var lögð könnun fyrir kennara til að skoða hug þeirra og hugmyndir varðandi námsmat og svo hvernig þeir ynnu námsmat. Sama könnun var lögð fyrir kennara nú á vordögum og þar kemur í ljós hvaða breytingar hafa átt sér stað hjá kennurum frá því að verkefnið hófst. Bilið milli hugmynda og raunveruleikans hefur minnkað og í heildina eru kennara sáttari. Þeir eru öruggari í starfi og upplifa meiri fagvitund.

Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.

- *Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.*
- *Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?*
- *Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?*

Við upphaf þróunarverkefnisins 2007 var könnun lögð fyrir kennara. Markmið könnunarinnar var að skoða viðhorf kennara til námsmats. Hvernig þeir mátu tilgang námsmats, mikilvægi þess, samræmi milli námsgreina,

námsþátta og með hvaða hætti það samþættist kennslu. Í ljós kom að stundum var þó nokkur gjá á milli hugmynda kennara um störf sín og þess sem þeir voru í raun að gera. Nú fjórum árum seinna, í lok verkefnisins var sama könnun lögð fyrir kennara. Við samanburð kemur í ljós að viðhorf kennara varðandi námsmat hefur breyst.

Í dag eru námsmatsgögn fjölbreyttari og taka á fleiri þáttum, verklegum þáttum og færni þáttum. Námsmat hefur skýrari tilgang fyrir bæði kennurum og nemendum. Endurgjöf til nemenda er skýrari og aukin handleiðsla miðar að því í ríkari mæli að efla skilning nemenda á námsefninu og námsaðferðum. Námsmatið er nú hluti af kennsluáætlun og tekur betur tillit til einstaklinga innan heildar. Það fer nú fram að stórum hluta meðfram náminu, í því felst leiðsögn sem er námshvetjandi og betur til þess fallið að styrkja sjálfstraust nemenda. Það kemur ekki síst til góða fyrir nemendur með með námsörðugleika, þroska- og/eða hegðunarraskanir.

Kennarar líta einnig á námsmatið sem leiðsögn varðandi eigin kennslu og til foreldra varðandi nám barna sinna.

Þrátt fyrir að margt gott hafi gerst á liðnum árum erum við ekki hætt. Umræða um nám, kennslu, námsmat og samspil þessara þátta hefur aukist. Hún er fagleg og gefur kennurum kost á að koma fram með hugmyndir, gagnrýni og styður þá í starfi. Skólastarf er lifandi og tekur sífelltum breytingum. Teymið mun starfa áfram, við erum enn að breyta og bæta.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Á síðustu árum höfum við verið að breyta námsmati. Að hausti hafa nemendur og foreldrar fengið kynningu á því hvernig nám og vinnuframlag nemenda verði metið og hvernig námsmat verði notað í kennslu. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að bæði nemendur og foreldrar/forráðamenn geri sér grein fyrir aukinni ábyrgð nemenda á eigin vinnu og framlagi.

Ætlunin er að kynna niðurstöður og verkefnið í heild á starfsdegi hjá grunnskólunum í Hafnarfirði næsta vetur.

Dagsetning:

Undirskrift verkefnisstjóra

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla
